

Mánndaginn 15. dag. ágústmán.

Nr. 57/1909:

Sturla Jónsson

sem eigandi jarðarinnar Brautarholts
gegn

Sigríði Gísladóttur ábúanda jarðarinnar
Esjubergs fyrir hönd eiganda
jarðarinnar prestaskólakennara
Eiríks Briems.

D ó m u r :

Eigandi jarðarinnar Brautarholts í Kjalarneshreppi höfðaði mál þetta fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn ábúanda jarðarinnar Esjubergs í sama hreppi, Guðmundi Kolbeinssyni, fyrir hönd eiganda jarðarinnar, prestaskólakennara Eiríks Briems, til að fá sér dæmt undir Brautarholt slægnaítak í svokölluðu Kirkju-landi, er eigandi Esjubergs vildi ekki viðurkenna, og var dómur kveðinn upp í málinu í nefndum rétti 17. júní f. á., með þeim úrslitum, að stefndi var sýknaður af kröfum og kærur áfrýjanda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn nú skotið til yfirdómsins og stefnt fyrir hönd eiganda jarðarinnar ekkju ábúandans Guðmundar Kolbeinssonar, sem hefir tekið við ábúð jarðarinnar að honum látnum. Hefir áfrýjandinn krafist þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur sökum lögleysu að efni til, að málinu verði vísað heim til nýrrar dómsáleggingar í héraði og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir undir- og yfirdómi. Stefnda hefir aftur á móti krafist þess, að

dómurinn verði staðfestur og að sér verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi hjá áfrýjanda.

Ítak það til slægna, er áfrýjandinn gjörir kröfu til í málinu, tjáist vera í svonefndu Kirkjulandi og takmarkast á þennan hátt: Að norðan ræður Flóðará, að vestan og sunnan ræður Ósénulækur, þá bein stefna úr upptökum Ósjenu- (eða Ósýnu) lækjar í Bleikstein; að austan bein stefna úr Bleiksteini í Kvensöðul. Byggir áfrýjandinn rétt sinn til itaks þessa aðallega á dómi uppkveðnum á Kjalarnesþingi 29. okt. 1773, þarnæst á gömlu máldaga-bréfi kirkjunnar í Brautarholti, enn fremur á landamerkjaskrá Brautarholts, þinglesinni 21. maí 1895, og loks á vottorðum ýmsra manna um notkun landsins. Telur hann, að merkjadómurinn hafi eigi tekið nægilegt tillit til skjala þessara og skilríkja og krefst því ómerkingar á dóminum fyrir lögleysu að efni til.

Við merkjagöngu þá, er fram fór í málinu, komst merkjadómurinn að þeirri niðurstöðu, að land það, svonefnt Kirkjuland, sem fyrnefndur dómur 29. oktbr. 1773 ræðir um, sé hið sama og land það, er áfrýjandinn kallar til slægnaítaks í í máli þessu, og dæmdi dómur þessi Brautarholtskirkju ítakið. En með því að sá dómur gekk í máli, er var milli Brautarholts og jarðarinnar Skrauthóla, og engum virðist þar hafa stefnt verið fyrir jörðina Esjuberg, er það rétt álitnið af merkjadóminum, að greindur dómur verði eigi álitinn úrslitadómur fyrir þetta mál eða hafi verið skuldbindandi fyrir Esjubergs eigendur. Það verður að rannsaka það óháð dómsúrslitunum, hverja þýðingu skjal það hefir fyrir málið, er dómurinn var byggður á, en það var einmitt máldagi sá hinn gamli fyrir Brautarholtskirkju, er áfrýjandi byggir næst dóminum

ítaksrétt sinn á. Máldagi þessi, sem heimfærður er til árunna 1491—1518, er til í 2 aðaleftirritum, og segir þar svo um ítak það, er hér er um að ræða, í því handritinu, er nákvæmara er talið og áfryjandi hefir einnig lagt fram af sinni hálfu: »Hun aa eingi allt« flod fra osenulæk riettsyni ur Bliksteinum og til fiallz upp«. Þó að fyrgreindur dómur 29. okt. 1773 hafi talið hér vera átt við þrætulandið, sem mál þetta snýst um, þá verður því þó ekki neitað, eins og stefndi hefir haldið fram, að eyðan í handritinu, sem punktarnir sýna, gjöra það nokkuð óvíst, hvort klausan á við land með alveg sömu ummerkjum og þrætulandið í þessu máli, en auk þess er það rétt, sem segir í merkjadóminum, að máldagi þessi fyrir Brautarholtskirkju er ekki meðal máldaga þeirra, eða úr máldagabókum þeim, er löggiltar eru af konungi með instrúxi 1. júlí 1746, 16. gr., eða öðrum lagaboðum, og verður því eigi, þar sem allar upplýsingar vantar um hann að öðru leyti, byggt á honum sem fullkomnu skilríki eða sönnun fyrir ítaksréttinum. Um notkun landsins eru heldur eigi komnar fram í málinu þær skýrslur, er eigi að ráða úrslitum málsins, þar sem þrætulandið virðist hafa verið notað mestmegnis eða eingöngu til beitar, og frá báðum jörðunum, en óvíst um hve langan tíma.

Að svo vöxnu máli, og þar sem það er viðurkent af áfryjanda með framlagning landamerkjaskrár af hans hálfu, sem eðlilega getur ekki haft neitt sönnunargildi fyrir rétti hans sjálfs til ítaks þess, er málið er um, að þrætulandið liggja aðallega að minsta kosti í Esjubergslandi, þá virðist eigi verða álitid, að merkjadómurinn hafi orðið sekur í lögleysu, er hann eigi þóttist geta orðið við kröfum áfryjanda um dóm fyrir hinum umstefnda ítaksrétti,

og ber því að staðfesta hinn áfryjaða dóm. Málkostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera.

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málkostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 33/1910:

Kristján Jónsson
 gegn
 Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfryjandinn, háyfirdómari Kristján Jónsson, fyrir bæjarþingsrétti Reykjavíkur gegn stefnda, Birni ráðherra Jónssyni, fyrir meiðyrði, en með dómi nefnds réttar 19. maí þ. á. var málinu vísað frá bæjarþingsréttinum og málskostnaður látinn falla niður.

Tæðum dómi hefir áfryjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 23. maí þ. á. og krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim til dómsáleggingar í aðalefninu og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfryjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað eftir mati réttarins.

Áfryjandinn átelur í máli þessu sem meiðandi fyrir